# Jólaguðspjallið

**Persónur**

Kynnir 1 -
Sögumaður 1
Sögumaður 2
Sögumaður 3
Sögumaður 4
Sögumaður 5
Sögumaður 6
Sögumaður 7
Sögumaður 8
Sögumaður 9
Sögumaður 10
Stjarna
Kynnir 2

Vitringur 1
Vitringur 2
Vitringur 3
María
Jósef
Hirðir 1
Hirðir 2
Hirðir 3
Hirðir 4
Hirðir 5
Engar nokkrir

©Rannveig Björk Þorkelsdóttir/leikumaflist.is2013

Leikum af list

# Jólaguðspjallið – Lúk. 2:1-19

**Kynnir 1:**

Komið þið sæl, nú flytur ?. bekkur Jólaguðspjallið

**Söngur: Bjart er yfir Betlehem**

**Sögumaður 1:**

-Okkur langar til að leyfa ykkur að heyra af því mikla undri sem gerðist um þetta leyti fyrir nokkuð löngu síðan.

**Vitringur 1:**

-Við komum alla leið frá Austurlöndum. Í marga daga höfðum við fylgt eftir stjörnunni sem átti að vísa okkur á Konunginn.

**Stjarnan: labbar á undan**

**Sögumaður 2:**

-" Þá fór Jósef úr Galíleu frá borginni Nasaret upp til Júdeu, til borgar Davíðs, sem heitir Betlehem, en hann var af ætt og kyni Davíðs, að láta skrásetja sig ásamt Maríu heitkonu sinni, sem var þunguð."

(María og Jósef á ferðalagi)

**Sögumaður 3:**

-" En meðan þau voru þar, kom sá tími, er hún skyldi verða léttari. Fæddi hún þá son sinn frumgetinn, vafði hann reifum og lagði hann í jötu, af því það var eigi rúm handa þeim í gistihúsinu."

©Rannveig Björk Þorkelsdóttir/leikumaflist.is2013

**Sögumaður 4:**

-" En í sömu byggð voru hirðar úti í haga og gættu um nóttina hjarðar sinna."

( **Fimm fjárhirðar** ganga fram)

(**fjórir englar** ganga fram )

**Sögumaður 5:**

-Og engill Drottins stóð hjá þeim, og dýrð Drottins ljómaði kringum þá. Þeir urðu mjög hræddir. Engillinn sagði við þá:

**Engill 5** gengur fram og segir:

-" Verði óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum: Yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs. Og hafið þetta til marks: Þér munuð finna ungbarn reifað og lagt í jötu."

**Sögumaður 6:**

-Fjöldi himneskra hersveita, lofuðu Guð og sögðu:

**Englar:**

-Dýrð sé Guði í upphæðum, og friður á jörðu með mönnum, sem hann hefur velþóknun á.

**Söngur: Forðum í bænum Betlehem.**

©Rannveig Björk Þorkelsdóttir/leikumaflist.is2013

**Sögumaður 7:**

-Þegar englarnir voru farnir frá þeim, sögðu hirðarnir sín á milli.

**Fjárhirðar:**

-" Förum beint til Betlehem - að sjá það, sem gjörst hefur og Drottin hefur kunngjört oss."

**Sögumaður 8:**

Og þeir fóru í skyndi og fundu Maríu og Jósef og ungabarnið, sem lá í jötu. (Fjárhirðar falla á kné)

**Sögumaður 9:**

Þegar þeir sáu það, skýrðu þeir frá því, er þeim hafði verið sagt um barn þetta. Og allir undruðust það, er hirðarnir sögðu þeim.

**Sögumaður 10:**

En María geymdi allt þetta í hjarta sér og hugleiddi það.

**Vitringur 2:**

Þetta er mesta undur sem gerst hefur. Guð gaf okkur son sinn Jesú, sem er frelsari heimsins. Við fengum að veita honum lotningu og gáfum honum gjafir.

**Vitringur 3:**

Þú getur einnig gefið honum gjöf. Líf okkar er dýrmætasta gjöfin sem við getum fært honum.

**Kynnir 2:**

Guð gefi okkur öllum blessunarríka jólahátíð.

**Söngur: Þá nýfæddur Jesús í jötunni lá.**

Leikum af list.is / Rannveig Þorkelsdóttir©2008

©Rannveig Björk Þorkelsdóttir/leikumaflist.is2013